



PELAMERKURSKÓLI

# Samstarfsáætlun Pelamerkurskóla og Heilsuleikskólans Álfasteins

Í lögum um leik- og grunnskóla sem og aðalnámskrám beggja skólastiga eru lagðar línur um mikilvægi samfellu í uppeldi og menntun barna og tengsl milli skólastiga. Samkvæmt skólastefnu Hörgársveitar skal lögð áhersla á að skólar sveitarfélagsins séu í góðu samstarfi við aðra skóla og þar með talið sín á milli. Jafnframt segir í stefnunni að börnum skuli auðvelda, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga, í samræmi við þroska og námsstöðu.

Í Pelamerkurskóla og á Heilsuleikskólanum Álfasteini er ríkur vilji til að tryggja gott samstarf skólanna, nemendum beggja skólastiga í hag.

Í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 segir:

*„Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólans. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.“*

*„Til að tryggja að grunnskólaganga barna verði eins og best verður á kosið er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess og þroska, fylgi því í grunnskólann. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna sem geta miðlað upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra. Þeir eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann og gefast kostur á að bregðast við þeim.“*

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 segir:

*„Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börnin öðluðust í leikskóla, 15 75 Mennta- og menningarmála- ráðuneyti verður því þannig sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnst væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings.“*

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér hvert annars nám og starfsaðferðir, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálftraust þeirra



ÞELAMERKURSKÓLI

og styðja við nám þeirra. Kennarar elstu barna leikskólans fara með þeim í allar heimsóknir í grunnskólan og kynna sér starfið þar í leiðinni.

Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans og deildarstjóri eldri deildar leikskólans eiga öflugt samstarf í þeim tilgangi að auðvelda og undirbúa nemendur undir flutning milli skólastiga. Umsjónarkennari og deildarstjóri leikskólans funda í skólabyrjun og setja niður dagskrá samstarfsins og dagsetningar fyrir skólaárið. Jafnframt eru haldnir skilafundir frá leikskóla til grunnskóla ef þörf er fyrir sértæka námsaðlögun hjá barni. Þá fundi sitja fulltrúar úr stoðteymi beggja skóla, foreldrar og fulltrúi skólajónustu, eftir atvikum.

Samstarf leik og grunnskóla hefur það að markmiði að undirbúa verðandi fyrstu bekkinga fyrir grunnskóla. Lagt er upp með að heimsóknir séu mánaðarlegar og að ein þeirra sé fyrir heimsókn 1. og 2. bekkinga á leikskólann. Reynt er að haga tímum þannig að skólahópur leikskólans fái innsýn inn í fjölbreytt skólahald og kynnist starfsfólki skólans og skipulagi. Í Þelamerkurskóla á hver nemandi ákveðinn skólavin og fá nemendur leikskólans að kynnast sínum verðandi skólavini við fyrstu heimsóknir sínar í skólann. Nemendur í 6.-10. bekk eru skólavinir nemenda í 1.-5. bekk. Heimsóknir elstu barna leikskólans í Þelamerkurskóla eru um áttatíu mínútur og eiga að gefa innsýn í venjulegan skóladag. Nemendur leika, læra, fönndra, fara í íþróttir, lesa borða saman, fara í útiskóla og læra á húsnæðið, svo fátt eitt sé nefnt. Skólastarfið er fjölbreytt og ganga þau inn í það starf í heimsóknum sínum. Auk þess sem fram hefur komið fá elstu börn leikskólans boð á vorhátíð Þelamerkurskóla og á skólaslitum grunnskólans bjóða eldri bekkingar og skólastjóri þau svo formlega velkomin sem verðandi nemendur við skólann.

### **Grunnur að skipulagi hvers árs byggir á því að nemendur upplifi saman:**

- **útiskóla**
- **íþróttatíma**
- **hitta skólavini**
- **skoða skólann**
- **taka þátt í morgunmat**
- **taka þátt í hádegismat**
- **vinna í stofu**

Tími	Viðfangsefni	Ábyrgð	Nánari útfærsla
ágúst	Samstarfsfundur hjá kennurum	Stjórnendur,	



## PELAMERKURSKÓLI

	beggja stiga. Hver heimsókn útfærð nánar.	umsjónarkennari og deildarstjóri.	
sept.	Fyrsta heimsókn þar sem farið er í heimastofu. Verkefnavinna með 1.-2. b.	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
okt.	Hitta skólavin og tekin er mynd af þeim saman. Fá að fara í stofu 5.bekkjjar. Samvera með 1.-2.b.	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
nóv.	1.bekkingar og verðandi skólavinir í 5. bekk fara saman í heimsókn á Álfastein.	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
janúar	Komið inn í hefðbundið skólastarf	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
febrúar	Komið inn í hefðbundið skólastarf	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
mars	1.-2. b. fer í leikskólann og er inni í verkefnum og leik og fer síðan í útiveru.	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
mars/apríl	Skólahóp boðið á generalprufu árhátíðar	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	
maí	Skólahópur formlega boðinn velkominn í skólann á vorhátíð og skólaslit 1.-6. bekkjar. 10 bekkingar færa skólahóp gjöf frá skólanum.	Stjórnendur og umsjónarkennari .	
maí/júní	Skilafundir milli skólanna	Stjórnendur, sérkennslustjóri og kennarar	
Reglulega	Tölvusamskipti milli stiga. Sveigjanleiki með val á dögum.	Umsjónarkennar i og deildarstjóri	